

8. gr.

39. gr. orðist svo:

Hundahald er bannað í kaupstaðnum, nema með leyfi bæjarstjórnar, sbr. samþykkt um hundahald í Ísafjarðarkaupstað.

9. gr.

40. gr. orðist svo:

Búfjárhald er bannað í kaupstaðnum, nema með leyfi bæjarstjórnar, sbr. reglugerð um búfjárhald í Ísafjarðarkaupstað.

10. gr.

41. gr. orðist svo:

Alla flækingsketti, sem enginn eigandi finnst að, er lögreglu heimilt að aflífa.

11. gr.

42.-45. gr. falli niður og breytist greinatala samkvæmt því.

X. kafli verður IX. kafli.

12. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 18. maí 1988, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. apríl 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUR

um (1.) breytingu á reglum nr. 58/1994, um endurgreiðslu sjúkratrygginga á tannlækningakostnaði vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, sjúkdóma og slysa.

1. gr.

Á eftir 5. gr. komi ný grein, er verði 5. gr. a, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði um endurgreiðsluhlutfall í 1. - 5. gr. endurgreiða sjúkratryggingar Tryggingastofnunar ríkisins tannlækningakostnað andlega þroskahamlaðra, sem svarar til 90% af gildandi gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins, sem hér segir, enda sé meðferðarmynstur samþykkt af stofnuninni:

1. Vegna barna sem falla undir 1. og 2. flokk skilgreiningar á fötlunar- og sjúkdómsstigi í 4. gr. reglugerðar nr. 150/1992, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og sjúkra barna.

2. Fyrir fulloröna (16 ára og eldri), sem búa við andlega þroskahömlum (þ.m.t. CP 343.9 og autismus 299.0) og dveljast á vistheimilum eða sambýlum fyrir þroskahamlaða.

2. gr.

Reglur þessar eru settar að fengnum tillögum tryggingaráðs, skv. c. lið 1. mgr. 33. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. apríl 1995.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUR

um ráðstöfun hluta tekna vegna sölu fyrirtækja og hlutabréfa til rannsókn- og þróunarstarfs.

1. gr.

Verja skal 20% af andvirði allra seldra fyrirtækja og hlutabréfa í eigu A- og B-hluta stofnana ríkisins til rannsókn- og þróunarstarfs sbr. þó 2. gr. Miða skal við innborgað söluverðmæti næsta árs á undan.

2. gr.

Þó að fjárhæð skv. 1. gr. nái ekki 100 m.kr. skal fjárframlag til rannsókn- og þróunarstarfs samkvæmt þessum reglum nema a.m.k. 100 m.kr. árlega.

Ef innborgað söluandvirði seldra fyrirtækja og hlutabréfa fer á einu ári umfram 500 m.kr. komi 20% af umframfjárhæðinni til útborgunar næstu tvö ár á eftir. Viðbótarútborgunin verði hins vegar takmörkuð við það að samanlögð framlög fari ekki umfram 20% af heildarsöluandvirði frá 1992 að telja.

3. gr.

Af fjárhæð sem er til ráðstöfunar samkvæmt reglum þessum hverju sinni skal 85% renna til Rannsóknaráðs Íslands og 15% til annarra verkefna samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra. Rannsóknaráð skal árlega gera grein fyrir þeim verkefnum sem styrkt eru með fjárframlögum samkvæmt þessum reglum.

4. gr.

Reglur þessar sem eru settar á grundvelli liðar 5.3 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1995 skulu gilda á meðan slíkt ákvæði er í fjárlögum hvers árs.

Reglur þessar koma í stað reglna nr. 157/1995 um ráðstöfun tekna vegna sölu ríkisfyrirtækja til rannsókn- og þróunarstarfs og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 26. apríl 1995.

Friðrik Sophusson.

Magnús Pétursson.